



## GRÆNA ORKAN

### Stjórnarfundur Grænu orkunnar 23.9.2021

Fundurinn fór fram á Teams, klukkan **8:45-10:15**. Mætt voru Ágústa Loftsdóttir, Benedikt Stefánsson, Erla Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Helga Barðadóttir, Íris Hannah Atladóttir, Jóhannes Jóhannesson og Sigurður Ástgeirsson. Einnig sátu fundinn Jón Björn Skúlason, og Anna Margrét Kornelíusdóttir, sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt án athugasemda.

2. Málefnavinna starfsársins 2021-2022

Hópar málefnavinnu

- Aðgerðir til að vera leiðandi í stefnumótunarvinnu orkuskipta (GVS)  
Á síðasta stjórnarfundum var það rætt að fá Loftslagsráð og Grænvang á stjórnarfund GO í spjall um áherslur GO og þeirra. Skoða þetta t.d. í nóvember eða desember.
- Gerð tillagna í uppfærða orkuskiptaáætlun (ÁSL)  
Mikil vinna er í gangi innan ráðuneyta og margt í vinnslu sem styður við þessa vinnu um að safna saman gögnum fyrir nýja áætlun. Þar er helst að nefna skýrslu um [græn skref í sjávarútvegi](#) í sumar, [nefnd um orkuskipti í flugi](#) hefur hafið vinnu, Blámi gaf út skýrslu um [rafvæðingu fóðurpramma](#) sem vert er að skoða, og [ný eldsneytisspá](#) kom út 22. september síðastliðinn. Uppfærðrar RES tilskipunar og innviða tilskipunar er að vænta. Brátt má gera nýja uppfærða áætlun og bíður nýrra ríkisstjórnar að ákveða hvernig þessari vinnu verður formlega háttáð. Stjórn taki þetta aftur til umræðu á fundi í nóvember.
- Gerð eldsneytisvegvísis (BS, ÁP)  
Drög að vetnisvegvísi voru kynnt hagsmunaaðilum nýlega og nú er verið að vinna úr athugasemdum. Ljóst er að skoða þarf hversu orkukræft verkefnið er og útfæra fjármagn sem mun fara í að fylgja eftir vegvísinum. Lokaútgáfa verður kynnt í október en ekki ljóst hvort vegvísirinn fari í Samráðsgátt. Einnig hefur [breskt verkefni um offshore vindafli með streng til Bretlands verið kynnt](#).

3. Viðburðir 2021-2022

- Orkuskipti í flugvallarstarfsemi (ÁP, BFG og GVS – 30. september 2021)
- Kynning á Nordic Innovation úthlutun fyrir 2021 – í biðstöðu
- Raforkuspá og eldsneytisspá – í biðstöðu
  - Eldsneytisspá kom út 22. september.
- Kolefnishlutleysi í ferðaþjónustu á Norðurlöndum (vetur 2021)
- Annað: Nordic Energy Research kynnir kall um vetni og rafeldsneyti í maí 2022 en drög að kalltexta eiga að vera tilbúin í febrúar. Skipaður hefur verið óformlegur norræn vinnuhópur sem er að fara yfir hvaða áherslusvið á að horfa

til á hverjum stað en rannsóknarviðfangsefni og TRL á eftir að ákveða. Stjórnarmenn GO mega hafa samband við JBS til að koma hugmyndum á framfæri.

- Umræður: Frekar mætti fjalla um fjármögnun eldsneytisverkefna á fundi GO en kynningu á Nordic Innovation. Aðili á borð við RANNÍS ætti að kynna fyrir almenningi og atvinnulífinu hvaða áhrif Fit for 55 þakkinn hefur fyrir Ísland.

#### 4. Önnur mál

- a) Niðurstöður kosningar um nýtt enskt heiti Grænu orkunnar  
Ákveðið að kjósa á ný þar sem galli í uppsetningu leyfði sumum að kjósa einn valmöguleika en öðrum að kjósa marga.
- b) Á síðasta stjórnarfundum GO var óskað eftir samstarfi við Grænu orkuna um eina aðgerð í vegvísi Byggjum Grænni Framtíð: *Stuðla að virku samtali meðal opinberra verkkaupa, veitufyrirtækja, sveitarfélaga og byggingaraðila um hvernig hægt sé að tryggja að vatn og rafmagn fyrir vistvænar vinnuvélar og vinnubúðir séu til staðar á framkvæmdasvæðum frá upphafi framkvæmda.*  
Málið tekið upp á næsta fundi
- c) Rætt um aðgengi að upplýsingum um hleðslustöðvar. FíB er með yfirlit, OS og fleiri aðilar. SÁ minnti á að ábyrgðin lægi hjá þeim sem ætti stöðina að laða að viðskipti með því að koma henni á framfæri. Þó eru til staðar tæknilegar hindranir varðandi tengingu við greiðslugátt sem hamla skráningu í heildstæðu korti. Ef til vill þarf til opinbert fé til að koma slíku korti af stað.